

Sigrún Hannesdóttir
Snædís Sunna Thorlacius
Ómar Valur Jónasson
Steinunn Kristjánsdóttir

DYSJAR HINNA DÆMDU
Rannsókn á Hallberuhelli í Lækjarbotnum



Reykjavík 2019

Efnisyfirlit

Grunnupplýsingar	2
Útdráttur	3
1. Forsaga rannsóknar	3
2. Stjórnsýsla og fjármögnun	6
3. Aðrar almennar upplýsingar.....	6
4. Uppmælingarkerfi	6
5. Stærð og umfang uppgrafar og aðferð á vettvangi.....	7
7. Miðlun.....	8
8. Niðurstöður	8
Heimildaskrá.....	9
Myndaskrá.....	10
Sýnaskrá.....	10
Teikningar og teikningaskrá	11
Ljósmyndaskrá.....	18



© Sigrún Hannesdóttir, Snædís Sunna Thorlacius, Ómar Valur Jónasson og Steinunn Kristjánsdóttir

Reykjavík: höfundar 2019

Forsíðumynd: Hallberuhellir í Lækjarbotnum.

Rannsóknin Dysjar hinna dæmdu var styrkt af: Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands og Fornminjasjóði.

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer

201907-0045

ÞJMS númer

2019-67

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun

Hallberuhellir hefur ekki verið skráður.

Stutt lýsing rannsóknar

Vísindarannsókn á Hallberuhelli í Lækjarbotnum sem var um tíma aðsetur útilegumanna.

Tegund rannsóknar

Vísindarannsókn

Staðsetning

Lækjarbotnar, Kópavogur, Suðurland

GPS hnit

ISN93: 399201.762N, 369851.469A

Rannsóknartími


7. ágúst 2019

Leyfishafi

Dr. Steinunn Kristjánsdóttir

Fjöldi starfsmanna

Fjórir starfsmenn, þrír
fornleifafraeðingar og einn
fornleifafraeðinemi.



Útdráttur

Þann 7. ágúst 2019 fór fram rannsókn á Hallberuhelli í Lækjarbotnalandi. Í hellinum er talið að Margrét Símonardóttir og Eyvindur Jónsson hafi haldið til um tíma en þau voru tekin af lífi á Öxarárþingi árið 1677 fyrir útileguþjófnað og hórdómsbrot. Rannsóknin á hellinum er þáttur í verkefningu *Dysjar hinna dæmdu* sem miðar að því að afla upplýsinga um einstaklinga sem teknir voru af lífi á Íslandi á árunum 1550 til 1830, bæði með tilliti til brota þeirra og dóma en einnig til bakgrunns þeirra, samfélagsstöðu og búsetu. Tilgangur rannsóknarinnar á Hallberuhelli er að varpa ljósi á aðstæður og lífnaðarhætti einstaklinga sem lifðu á flakki hér á landi og hlutu síðar dauðarefsingu fyrir þjófnað og fleiri brot. Rannsóknin á hellinum fólst fyrst og fremst í úttekt á innréttingu hans og voru gólf og veggir hans því ljósmyndaðir og teiknaðir en auk þess var gerður profuskurður í gólf hellisins og þaðan tekin sýni.

1. Forsaga rannsóknar

Á Íslandi fóru fram um 240 aftökur á tæplega þremur öldum, frá siðaskiptum, þegar rétturinn til refsinga færðist úr höndum kirkjunnar til veraldlegra valdhafa, til ársins 1830 þegar síðustu dauðadómunum var framfylgt hér á landi. Dauðadómar féllu fyrst og fremst fyrir morð, galdra, þjófnað, dulsmál og blóðskömm. Árið 2018 hófst vinna við rannsóknarverkefnið *Dysjar hinna dæmdu* en markmið þess er að varpa ljósi á dauðadæmda einstaklinga á íslenskri árnýöld með tilliti til brota þeirra og dómsmeðferðar sem og félagslegs bakgrunns þeirra, kyns, aldurs, stöðu, fjölskyldurhags og búsetu. Rannsóknarverkefni þetta hefur leitt í ljós að dauðadómar á Íslandi féllu oftast fyrir þjófnað en nokkra aðra tegund brota og fleiri en 70 þjófar voru teknir af lífi á árunum 1584–1758. Svo virðist sem að flestir þessara þjófa hafi verið heimilislausir einstaklingar sem lifðu á flakki og stálu sér til viðurværis (Steinunn Kristjánsdóttir, Sigrún Hannesdóttir og Magnea Dís Birgisdóttir 2018). Rannsóknin á Hallberuhelli í Lækjarbotnum, þar sem talið er að útilegufólkið Margrét Símonardóttir og Eyvindur Jónsson hafi haft aðsetur á síðari hluta 17. aldar, er liður í áðurgreindu verkefni en tilgangur hennar er að kanna aðstæður og lífshætti flakkara og dæmdra afbrotamanna (mynd 1).

Margrétar Símonardóttur og Eyvindar Jónssonar er getið í fjölmörgum rituðum heimildum og eru mál þeirra gjarnan kölluð Eyvindarmál hin fyrri til þess að greina þau frá málum Fjalla-Eyvindar og Höllu sem lögðust út tæpri öld síðar (Ólafur Briem 1983, bls. 28). Í annálum kemur fram að Margrét og Eyvindur, sem var þá þegar giftur annari konu, hafi tekið saman og hlaupið úr Ölfusi. Fyrst um sinn munu þau hafa haldið til vestur undir

Snæfellsjökli (Fitjaannáll, bls. 427; Hestsannáll, bls. 512). Síðar földu þau sig í helli sunnan við Örfiriseyjarsel sem Árni Magnússon nefnir Hraunhelli en hefur á síðari árum verið kenndur við Hallberu Jónsdóttur sem bjó á Lækjarbotnum á síðari hluta 19. aldar (Árni Magnússon, bls. 60; ferlir.is). Þann 20. október 1677, þegar Margrét og Eyvindur höfðu legið úti í meira en tvö ár, voru þau handtekin við Hallberuhelli og þýfi þeirra, sem samanstóð af nautakjöti og öðrum hlutum, gert upptækt (Alþingisbækur VII, bls. 403 – 405).



Mynd 1. Horft út um hellismunnann.

Á Bakkárholtspingi þá um haustið voru Margrét og Eyvindur dæmd sek um hórdómsbrot með barneign, burthlaup úr héraði sem og foröktun sakramentis og heilagrar aflausnar. Í þetta sinn sluppu þau við dauðadóm en áttu að hljóta þrjár húðlátsrefsingar hvort um sig. Í dómsskjalinu kemur þó fram að sýslumaðurinn, Jón Vigfússon, mætti milda dóm Margrétar ef honum sýndist „vegna hennar nú sýnilegra vesalburða.“ Degi síðar var fyrsta refsingin lögð á þau. Eftir að hafa tekið út allar refsingarnar voru fangarnir svo sendir til Kjalarnessýslu þar sem þjófnaðarmál þeirra var tekið fyrir en samkvæmt lögum átti að dæma í slíkum málum í þeirri sýslu sem þjófnaðurinn fór fram (ÞÍ. Sýslumaðurinn í Árnessýslu 0000 GA/1-2-1).

Á Kópavogspingi voru Margrét og Eyvindur dæmd til líkamlegrar refsingar fyrir þjófnað en eftir að hafa staðið hana og meðtekið sakrament í Skálholtsdómkirkju voru þau aðskilin og tók eiginkona Eyvindar, Ingiríður, hann aftur til hjónabands. Refsingin dugði þó skammt því „þessar vandræðapersónur“ tóku fljótt upp útilegusamvistir á ný og fundust saman í rekkju í hreysi undir bjargskúta við Ölfusvatn með þýfi sitt. Voru þau fangelsuð á heimili valdsmannsins Stórolfshvoli og svo færð í járnum á Öxarárþing þar sem þau voru dæmd til dauða fyrir ítrekuð hórdómsbrot og útilegubjófnað. Þann 3. júlí 1678 var dauðadómnum framfylgt og eftir að hafa meðtekið kristilegar fortölur „til sannrar viðurkenningar, huggunar og trúarstyrkingar í herrans Kristí blessaðri forþénustu“ var Eyvindur Jónsson hálshöggvinn en Margrétu Símonardóttur drekkt – allt samkvæmt fyrir mælum Stóradóms (Alþingisbækur VII, bls. 403–405).

Ekki er vitað hversu lengi nákvæmlega Margrét og Eyvindur dvöldu í Hallberuhelli, þar sem þau voru handtekin, þann 20. október 1677. Hallberuhellir virðist þrátt fyrir allt ekki alsælur felustaður; á þessum tíma var enginn bær nálægt hellinum en hann lá þó sennilega ekki algjörlega úr alfaraleið því rétt vestan við hann er talið að Örfirisey hafi átt sel átti til ársins 1799 (Margrét Björk Magnúsdóttir, bls. 25–26). Hugsanlega nýttu Margrét og Eyvindur sér þetta og stálu fé seljanna til viðurværis.

Sem áður segir rak Örfirisey sel á Lækjarbotnum til ársins 1799. Árið 1868 fékk Þorsteinn Þorsteinsson svo nýbýlaleyfi fyrir landinu og lét Hallberu Jónsdóttur, sem Hallberuhellir er kenndur við, helming jarðarinnar. Á fyrri hluta 20. aldar gaf Guðmundur H. Sigurðsson, sem þá var bóndi að Lækjarbotnum, Skátasambandi Reykjavíkur land á jörðinni. Síðan þá hefur verið starfræktur skátaskáli á Lækjarbotnum (ferlir.is; gardbuar.com).

Fornleifarannsókn hefur ekki áður farið fram í Hallberuhelli en í rannsókn á seljum í Reykjavík, þar sem fjallað er um Örfiriseyjarsel, er hellirinn merktur á kort og hann er því ekki óþekktur (Margrét Björk Magnúsdóttir 2011, bls. 26). Hellirinn hefur auk þess verið



Mynd 2. Í hellinum er voru bekkir og fleira sem tengist viðveru skáta í hellinum.

nefndur í ferðahandbókum, t.a.m. í Árbók Ferðafélag Íslands (Egill J. Stardal 1985).

2. Stjórnslá og fjármögnun

Rannsóknarverkefnið Dysjar hinna dæmdu er styrkt af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands og Fornminjasjóði. Lækjarbotnaland er í eigu Kópavogsbæjar sem veitti skriflegt leyfi fyrir rannsókninni.

3. Aðrar almennar upplýsingar

Vettvangsrannsókn í Hallberuhelli fór fram á einum degi, 7. ágúst 2019. Steinunn Kristjánsdóttir (SK) stjórnaði rannsókninni og aðrir starfsmenn voru Ómar Valur Jónasson (ÓVJ) og Sigrún Hannesdóttir (SH) fornleifafraeðingar og Snædís Sunna Thorlacius (SST) fornleifafraeðinemi.

4. Uppmælingarkerfi

GPS-hnit var tekið í hellismunnanum með Trimble GEO7X í ISN93 (399201.762N, 369851.469A). GPS-gögnin voru leiðrétt af Minjastofnun Íslands. Áður en hellisgólfið var teiknað var sett upp staðbundið hnitakerfi vegna þess að ekki var hægt að nota tækin inni í hellinum. Þá var snæri strengt yfir mitt gólfið í NV, SA átt og fest með járnhælum. Allir punktar voru svo mældir út frá snærinu. Við mælinguna voru notuð málbönd og hornmát. Til þess að mæla hæð gólfsins yfir sjávarmáli var snæri strengt lárétt frá fasta punktinum sem mældur var í hellismunnanum og fjarlægð snærisins frá gólfinu mæld með tommustokk. Auk þess var hæð loftsins frá gólfinu mælt með tommustokk en hún var hæst 175 sm.




Mynd 3.

Hellisgólfið var teiknað upp út frá staðbundnu hnitakerfi.

5. Stærð og umfang uppgrftar og aðferð á vettvangi

Við rannsókn Hallberuhellis voru bekkir og annað trjábrak, sem sennilega tilheyrir skátum sem eru með aðstöðu þar skammt frá, fært út úr hellinum, gólfplötur hans handteiknaður og veggir ljósmyndaðir. Því næst var gólf hreinsað og könnunarskurður gerður í mitt hellisgólfið rétt austan við eldstæði sem þar er (skurður 1). Staðsetning skurðarins var valin í von um að þar myndu fundast mannvistarleifar sem unnt væri að kolefnisaldursgreina, svo sem dýrabein. Skurðurinn var grafinn með einingaaðferð en lítill jarðvegur var í hellinum svo stutt var niður á hraun. Efst í skurðinum var laus og malarkennd fokmold en undir fokmoldinni, austast í skurðinum var jarðvegurinn finni og þéttari og var það túlkað sem nokkurs konar gólfslag (teikning 2).



Mynd 4. Teiknilag 2. Á teikningunni sjást könnunarskurðir 1 og 2.

Engir gripir fundust í skurðinum en sýni voru tekin úr báðum jarðlögum sem hugsanlega verða nýtt til skordýragreiningar síðar. Einnig var grafið í eldstæðið vestast í hellinum (skurður 2) en þar var sömuleiðis stutt niður í hraunið. Efst í skurðinum var aska en undir henni var laus, malarkennd fokmold, töluvert ljósari en í fyrri skurðinum. Í skurði tvö var nokkuð um nýlega gripi sem sennilega tengjast viðveru skátanna í hellinum, þ.á m. var eyra af bolla úr plasti og plastpoki. Raunar mátti finna nýlegar mannvistarleifar, svo sem tappa af

gosflöskum og plastperlur, hist og her á yfirborði gólfsins en engir gripir voru hirtir. Eftir að vettvangsvinnu lauk voru hreinteikningar unnar út frá ljósmyndum og handteikningum sem gerðar voru í hellinum. Hreinteikningar voru unnar í myndvinnsluforritinu GIMP.

7. Miðlun

Öllum niðurstöðum rannsókna í tengslum við verkefnið *Dysjar hinna dæmdu* verður miðlað með gagnvirkri kortasjá sem Ómar Valur Jónasson hannaði <http://dhd.hi.is/>. Kortasjái er byggð á gögnum frá Landmælingum Íslands, Fornleifastofnun Íslands, Minjastofnun Íslands sem og umfangsmikilli heimildaleit í Alþingisbókum, annálum og skráningarskýrslum fornleifa. Um heimildavinnu sáu Steinunn Kristjánsdóttir, Sigrún Hannesdóttir, Magnea Dís Birgisdóttir og Snædís Sunna Thorlacius. Áfangaskýrslur og greinar í tengslum við verkefnið verða jafnframt allar aðgengilegar á heimasíðu umsjónarmanns <https://notendur.hi.is/sjk/>.

8. Niðurstöður

Sagnir af útilegumönnum eru gjarnar sveipaðar dulúðlegum og þjóðsagnakenndum blæ. Mál Fjalla-Eyvindar og Höllu er sennilega eitt besta dæmi þess. Sem áður segir var útilega og flakk þó raunveruleiki fjölda einstaklinga á íslenskri árnýöld og Eyvindarmálin tvö eru engan veginn einstök. Því er ekki ólíklegt að mannvistarleifar eftir útileguþjófa finnist í hellum þótt sjaldan sé minnst á það í hellarannsóknum.

Hallberuhellir er hraunhellir og er hvelfing hans því náttúrusmíð. Þó eru hlutar hellisins greinilega manngerðir; við hellismunnann hefur grjóti verið hlaðið og set hafa verið útbúin upp við norðurvegginn þar sem hægt er að tylla sér og horfa út um hellismunnann. Þó er eftitt að ákvarða hvenær innréttingarnar voru gerðar í hellinum og ekki hægt að fullyrða að þær séu frá tíma Margrétar og Eyvindar. Raunar fannst ekkert í hellinum sem beint var hægt að rekja til dvalar Margrétar og Eyvindar enda voru þar hvorki gripir né jarðlög sem unnt var að aldursgreina. Áhugavert væri þó að framkvæma skordýra- og/eða frjókornagreiningar á jarðvegssýnunum sem tekin voru og í framhaldinu og m.a. nýta þær til kolefnisaldursgreininga.

Heimildaskrá

Alþingisbækur VII 1663-1683 (1944-1948). Reykjavík: Sögufélag.

Árni Magnússon. (1935–1957). *Chorographica Islandica. Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju* 2. fl, I:2. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Egill J. Stardal. (1985). Mosfellsheiði og nágrenni. *Þættir um nágrenni Reykjavíkur. Árbók 1985*, 113-141. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Ferlir. (e.d.). Viðeyjarsel. Sótt af

[http://www.ferlir.is/?id=19201&fbclid=IwAR0Gmp6QlnkoahpMtHc9Q-](http://www.ferlir.is/?id=19201&fbclid=IwAR0Gmp6QlnkoahpMtHc9Q-KocZTp9CDR2iiLK3N3PluQTY72Mwafb3J2u1M)

[KocZTp9CDR2iiLK3N3PluQTY72Mwafb3J2u1M](http://www.ferlir.is/?id=19201&fbclid=IwAR0Gmp6QlnkoahpMtHc9Q-KocZTp9CDR2iiLK3N3PluQTY72Mwafb3J2u1M)
[http://www.ferlir.is/?id=19201&fbclid=IwAR0Gmp6QlnkoahpMtHc9Q-](http://www.ferlir.is/?id=19201&fbclid=IwAR0Gmp6QlnkoahpMtHc9Q-KocZTp9CDR2iiLK3N3PluQTY72Mwafb3J2u1M)

[KocZTp9CDR2iiLK3N3PluQTY72Mwafb3J2u1M](http://www.ferlir.is/?id=19201&fbclid=IwAR0Gmp6QlnkoahpMtHc9Q-KocZTp9CDR2iiLK3N3PluQTY72Mwafb3J2u1M)

Fitjaanáll. (1927). *Annálar 1400-1800 II*, bls. 1-385. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Hestsannáll. (1927). *Annálar 1400-1800 II*, bls. 480-570.

Margrét Björk Magnúsdóttir. (2011). *Rannsókn á seljum í Reykjavík*. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur.

Ólafur Briem. (1983). *Útilegumenn og auðar tóttir* (2. útg.). Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

Skátafélagið Garðbúar. (e.d.). Saga Garðbúa. Sótt af <https://gardbuar.com/saga-gardbua/>

Steinunn Kristjánsdóttir, Sigrún Hannesdóttir og Magnea Dís Birgisdóttir. (2018). *Dysjar hinna dæmdu. Áfangaskýrsla 2018*. https://notendur.hi.is/sjk/DYS_2018.pdf

ÞÍ. 0000 GA/1-2-1. Dómabók. Jón Vigfússon. Sýslumaðurinn í Árnessýslu.

Myndaskrá

Mynd 1. Horft út um hellismunnann.

Mynd 2. Í hellinum er voru bekkir og fleira sem tengist notkun skáta á hellinum.

Mynd 3. Hellisgólfíð var teiknað upp út frá staðbundnu hnitakerfi.

Mynd 4. Teiknilag 2. Á teikningunni sjást könnunarskurðir 1 og 2.

Sýnaskrá


Sýnaskrá		Dysjar hinna dæmdu			Sumar 2019				
Nr.	Staður	Tegund	Svæði	Lag	Skráð	Magn	Aðferð	Blöndun	Tekið
Hallberuhellir		Safnanr.: 2019-67		Leyfisnr.: 201907-0045					
2019-xx-1	Hallberuhellir Lækjarbotnum	Jarðvegs- sýni	K1	Yfir- borð	SH, 27.08.19	2x fötur	Múrsk.	Nei	SH, 07.08.19
2019-xx-2	Hallberuhellir Lækjarbotnum	Jarðvegs- sýni	K1	Gólf	SH, 27.08.19	2x pokar	Múrsk.	Nei	SH, 07.08.19

Teikningar og teikningaskrá

Teikningaskrá	Dysjar hinna dæmdu	Sumar 2019			
Hallberuhellir	Safnr.: 2019-67	Leyfisnr.: 201907-0045			
Nafn	Staður	Bæjarfélag	Dagssetning	Myndefni	Teiknari
T_2019-xx-1	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	16.08.19	Teiknilag 1. Hreinteiking.	SST
T_2019-xx-2	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	16.08.19	Teikning 2. Hreinteikning.	SST
T_2019-xx-3	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	16.08.19	Norðursnið.	SST
T_2019-xx-4	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	16.08.19	Austursnið.	SST
T_2019-xx-5	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	16.08.19	Suðursnið.	SH
T_2019-xx-6	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	16.08.19	Vestursnið. Við inngang.	SH
T_2019-xx-7	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	16.08.19	Vestursnið. Innst í helli.	SH
T_2019-xx-8	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	07.08.19	Teiknilag 1. Frumteikning	SST, ÓVJ
T_2019-xx-9	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	07.08.19	Teiknilag 2. Frumteikning.	SJK


Teikning 1. Teiknilag 1.

Hallberuhellir 7. ágúst 2019
Teiknilag 1
Hreinteikning: Snædís Sunna Thorlacius



Teikning 2. Teiknilag 2.


Hallberuhellir 7. ágúst 2019
Teiknilag 2
Hreinteikning: Snædis Sunna Thorlacius



Teikning 3. Norðursnið.




Teikning 4. Austursnið.



Teikning 5. Suðursnið.



Teikning 6. Vestursnið, við inngang.



Hallberuhellir 7. ágúst 2019
 Vestursnið við inngang
 Hreinteikning: Sigrún Hannesdóttir

1m

■ Veggir innan hells	■ Gólf
■ Steinar	■ Hellsþak
■ Jarðvegur	

Teikning 7. Vestursnið, innst í helli.



Hallberuhellir 7. ágúst 2019
 Vestursnið innst í helli
 Hreinteikning: Sigrún Hannesdóttir

1m

■ Aska	■ Gólf
■ Steinar	■ Útveggir
■ Loft	

Ljósmyndaskrá

Ljósmyndaskrá		Dysjar hinna dæmdu		Sumar 2019				
Hallberuhellir		Safnanr.: 2019-67		Leyfisnr.: 201907-004				
Heiti	Staður	Bæjarfélag	Dags.	Myndefni	Átt	Myndavél	Ljós.	Tegund
2019-67-1	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Vestursnið	V	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-2	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Litið inn um hellismunnann	N	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-3	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Litið inn um hellismunnann	NV	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-4	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Hleðslur v. hellismunna	V	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-5	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Upphækkun V í hellinum	V	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-6	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Upphækkun V í hellinum	V	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-7	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Hellisveggur	N	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-8	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Hellisveggur	N	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-9	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Hellisveggur	N	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-10	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Hellisveggur	A	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-11	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Hellisveggur og hleðslur	A	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-12	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Hellisloft		Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-13	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Hellisloft		Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-14	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Hellisloft		Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-15	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Vestursnið	V	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-16	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Vestursnið	V	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-17	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Vestursnið	V	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-18	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Vestursnið	V	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-19	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Suðursnið	S	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-20	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Suðursnið	S	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-21	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Suðursnið	S	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-22	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Suðursnið	S	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-23	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Suðursnið	S	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri

2019-67-51	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Vestursnið	V	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-52	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Vestursnið	V	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-53	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Vestursnið	V	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-54	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Vestursnið	V	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-55	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Vestursnið	V	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-56	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Vestursnið	V	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-57	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Vestursnið	V	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-58	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Eldstæði, neðra	Að ofan	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-59	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Eldstæði, neðra	Að ofan	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-60	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Könnunarskurður 1	S	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-61	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Könnunarskurður 1	S	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-62	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Könnunarskurður 1	S	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-63	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Könnunarskurður 1	SV	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-64	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Eldstæði, efra	Að ofan	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-65	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Eldstæði, efra	Að ofan	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-66	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Eldstæði, efra	Að ofan	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-67	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Eldstæði, efra	Að ofan	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-68	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Snædís að teikna	S	Nikon D 7500	SH	Vinnumynd
2019-67-69	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Eftir frágang	N	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-70	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Eftir frágang	N	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri
2019-67-71	Hallberuhellir, Lækjarbotnar	Kópavogur	7.8.2019	Eftir frágang	N	Nikon D 7500	SH	Mynd af uppgreftri